

Skipulagsstofnun
Þórdís Stella Erlingsdóttir
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Hafnarfirði, 04.10.2022
MFRI: 2022-09-0518

Efni: Stækkun seiðaeldisstöðvar Arnarlax á Gileyri við Tálknafjörð

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar sem barst þann 12. september 2022. Arnarlax hefur sent tilkynningu um ofangreinda framkvæmd til Skipulagsstofnunar skv. skv. 19. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Skipulagsstofnun óskar eftir því að Hafrannsóknastofnun gefi umsögn um framkvæmdina í samræmi við 20 gr. laga nr. 111/2021.

Í umsögninni skal koma fram eftir því sem við á, hvort Hafrannsóknastofnun telji að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun eftir því sem við á. Einnig hvort Hafrannsóknastofnun telji að einhver atriði þarfnist frekari skýringa og ef svo er, hvaða atriði það eru og hvort þau kalli á að framkvæmdin fari í umhverfismat að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Arnarlax hyggst auka framleiðslu sína á seiðum til áframeldis í eldisstöð sinni á Gileyri við Tálknafjörð. Nú er framleiðslugetan um 200 tonna hámarkslífmassi en fyrirhugað er að auka framleiðslugetuna upp í um 1000 tonna hámarkslífmassa. Arnarlax metur helstu áhrifin af framkvæmdinni verða á vatnstöku og frárennsli frá starfsseminni. Hreinsun frárennslisins hefur verið aukin og verið er að setja upp endurnýtingarkerfi fyrir vatn. Endurnýting vatns eftir breytinguna verður á bilinu 90-99%. Fram kemur að tromlusíur verði settar á frárennslið við uppsetningu frekara endurnýtingarkerfis fyrir vatn.

Við mat á því hvort starfsemi sem þessi hafi áhrif á vatnshlot skal líta til laga um stjórn vatnamála (nr. 36/2011). Þar er tekið fram að ástand vatnshlota megi ekki hnigna (falla um flokk) vegna starfssemi sem þessarar.

Mikilvægt er að mælingar á frárennsli eldisstöðvarinnar séu nákvæmar, þ.e. að miðað sé við íslenskar aðstæður þar sem náttúrulegur styrkur næringarefna er oftast lágur miðað við erlendis.

F.h. Hafrannsóknastofnunar



Rakel Guðmundsdóttir



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Vesturlands
Hafnargata 3 340
Stykkishólmur (354) 570 13
12 (354) 895 18 80
www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Skipulagsstofnun
Þórdís Stella Erlingsdóttir
Borgartúni 7 b
105 Reykjavík

Stykkishólmur, 19. september 2022
MÍ202209-0059/6.07 / M.A.S.

Efni: Skipulagsstofnun. Stækkun seiðaeldisstöðvar Arnarlax á Gileyri - fyrirspurn um matsskyldu

Minjastofnun Íslands hefur mótttekið bréf Skipulagsstofnunar frá 12. september s.l. þar sem óskað er eftir umsögn um hvort ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Magnús A Sigurðsson
Minjavörður
magnus@minjastofnun.is

Arnarlax hyggst auka framleiðslu á seiðum í eldisstöð fyrirtækisins á Gileyri við Tálknafjörð. Þar er nú starfrækt seiðaeldi fyrir laxeldi fyrirtækisins á Vestfjörðum. Framleiðslugeta stöðvarinnar í dag er um 200 tonn hámarkslífmassi en til stendur að auka framleiðslu stöðvarinnar í um 1000 tonna hámarkslífmassa á ári. Með stækkuninni verður heildarrúmmál kera í stöðinni um 19.600 rúmmetrar en er fyrir stækkun um 3.600 rúmmetrar. Gert er ráð fyrir að í framtíðinni verði byggt viðbótarhús fyrir starfsemina sem mun hýsa ker og tanka og einnig mögulega viðbótar geymsla fyrir fóður.

Minjastofnun fékk tillögu að deiliskipulagi til umsagnar 2018. Í bréfi dagsettu 22. október 2018 gerði Minjastofnun Íslands þær kröfur að svæðið yrði rannsakað, áður en deiliskipulagsbreytingin yrði samþykkt, til að kanna eðli og umfang minjanna sem lenda innan skipulagssvæðisins. Innan skipulagssvæðisins er garðlag, um 50x40 metrar og lítil tóft.

Minjastofnun fékk deiliskipulagstillöguna aftur til umsagnar eftir að könnunarskurður hafði verið grafinn í garðlagið til að kanna eðli og umfang þess og garðlagið og tóftin höfðu verið færð inn á uppdráttinn. Stofnunin veitti að nýju umsögn um tillöguna með bréfi dags. 03.06.2019. Ekki voru gerðar athugasemdir við deiliskipulagstillöguna eins og hún lá þá fyrir.

Minjastofnun Íslands telur að fyrir liggi fullnægjandi upplýsingar um fornleifar á lóðinni og að fornleifum muni ekki stafa frekari hætta af fyrirhuguðum framkvæmdum innan hennar. Stofnunin telur að ofangreind framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Bent

skal á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) sem hljóðar svo: *Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.*

Virðingarfyllst,
f.h. Minjastofnunar Íslands

Virðingarfyllst,



Magnús A Sigurðsson
Minjavörður

Afrit sent:

Þórdís Stella Erlingsdóttir thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is
skipulag@skipulag.is

Þórdís Stella Erlingsdóttir
Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Selfoss, 6. október 2022
Tilvísun: 2209302

Efni: Umsögn Matvælastofnunar um stækkun seiðaeldisstöðvar Arnarlax á Gileyri við Tálknafjörð

Vísað er í beiðni Skipulagsstofnunar um umsögn, dagsett 12. september 2022, vegna stækkunar seiðaeldisstöðvar Arnarlax á Gileyri við Tálknafjörð. Núgildandi rekstrarleyfi seiðaeldisstöðvarinnar á Gileyri FE-1183 heimilar 200 tonna seiðaeldi fyrir lax og bleikju en tilvonandi stækkun gerir ráð fyrir 1000 tonna seiðaeldi fyrir lax og bleikju.

Matvælastofnun gefur út rekstrarleyfi í samræmi við lög nr. 71/2008 um fiskeldi og reglugerð nr. 540/2020 um fiskeldi auk þess sem stofnunin hefur eftirlit með fisksjúkdómum og forvörnum gegn þeim, í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

Matvælastofnun gerir ekki athugasemdir er varða fisksjúkdóma og forvarnir gegn þeim og telur að góð grein sé gerð fyrir fiskheldni stöðvarinnar í tilkynningu. Stofnunin telur ekki ástæðu til þess að farið verði fram á umhverfismat m.t.t. útgáfu rekstrarleyfis, rekstrarleyfisskilyrða eða sjúkdómavarna.

Virðingarfyllst,
f.h. Matvælastofnunar

Erna Karen Óskarsdóttir

Erna Karen Óskarsdóttir
Fagsviðsstjóri fiskeldis

Bolungarvík 12.10 2022

Þórdís Stella Erlingsdóttir
Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Fyrirspurn um matskyldu: Stækkun seiðaeldisstöðvar Arnarlax á Gileyri við Tálknafjörð

Heilbrigðiseftirlitið hefur lesið yfir fyrirspurn um matskyldu fyrir ofangreinda framkvæmd varðandi stækkun á seiðaeldisstöð Arnarlax, Gileyri við Tálknafjörð. Tekið er fram að ekki er þörf á aukinni vatnstöku þar sem vatnsendurnýtingarhlutfall verði 95-99%. Vatnið er síað og hreinsað í gegnum tromlusiur. Frárennslið verður svo leitt um rör niður fyrir stórstreymsfjörumörk. Heilbrigðiseftirlit gerir því ekki athugasemd við ofangreinda framkvæmd.

Virðingarfyllst



Hlynur Reynisson
Heilbrigðisfulltrúi

Skipulagsstofnun
Þórdís Stella Erlingsdóttir
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Hafnarfjörður 12. október 2022
Tilv. 2022-09-12-2157/2.5.1

Efni: Varðar áformaða stækkun seiðaeldisstöðvar Arnarlax á Gileyri í Tálknafirði

Í bréfi dagsettu 12. september sl. leitar Skipulagsstofnun umsagnar Fiskistofu varðandi hugsanlega matsskyldu vegna stækkunar seiðaeldisstöðvar Arnarlax á Gileyri í Tálknafirði. Framleiðslugeta stöðvarinnar í dag er um 200 tonn en áform eru um að auka framleiðsluna í 1000 tonna hámarkslífmassa.


Þeir áhættuþættir sem Fiskistofa horfir til vegna fiskeldisstarfsemi á Íslandi felast í mögulegum áhrifum af því ef fiskar sleppa frá fiskeldisstöð og til þess hvort líkur geti verið á því að sjúkdómar eða snikjudýr í eldisfiski geta smitað villta fiska og haft áhrif á viðkomu stofna þeirra.

Ef fiskar sleppa úr fiskeldisstöð geta þeir valdið neikvæðum vistfræðilegum áhrifum á ef þeir berast í náttúruleg kerfi. Það er því mikilvægt að hugað verði sérstaklega að því að affall frá stöðinni sé útbúið á þann hátt að líkur á því að fiskar sleppi séu litlar. Í skýrslunni kemur fram að affall fari um tromlusíu. Með því fyrirkomulagi á að vera hægt að varna því að seiði sleppi frá stöðinni. Því telur Fiskistofa að litlar líkur séu á því að fiskar muni berst frá stöðinni í náttúruleg vistkerfi laxfiska.

Þar sem um landeldi er að ræða er ekki mikil hættu á að smit berist í villta stofna og hægt að bregðast við ef sjúkdómar koma upp í eldisstöðinni og varna því að smit berist frá stöðinni.

Fiskistofa telur ekki líklegt að stækkun eldisstöðvarinnar muni hafa umtalsverð áhrif á villta stofna laxfiska ef búnaður sá (tromlusía/sleppivarnir) sem lýst er í fyrirspurn um matsskyldu muni virka sem skildi. Fiskistofa telur því ekki nauðsynlegt að áformuð stækkun seiðaeldisstöðvar Arnarlax á Gileyri í Tálknafirði skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllst,
Fiskistofa



Guðni Magnús Eiríksson
Sviðsstjóri lax- og silungsveiðisviðs

Skipulagsstofnun
b.t. Þórdísar Stellu Erlingsdóttur
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 21. október 2022
UST202209-099/A.P.
08.12.00

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - matsskyldufyrirspurn - stækkun seiðaeldisstöðvar - Arnarlax á Gileyri

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar er barst 12. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Starfsemin og breyting á henni er háð starfsleyfi Umhverfisstofnunar skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Framkvæmdarlýsing

Arnarlax hf. (hér eftir nefndur rekstraraðili) áformar að auka framleiðslugetu seiðaeldisstöðvar sinnar að Gileyri í Tálknafirði úr 200 tonna framleiðslu í 1000 tonna hámarkslífmassa á hverjum tíma. Núverandi eldisrými stöðvarinnar er 3.600 m³ og áætlað er að það verði 19.600 m³. Fyrir eru 24 ker á lóðinni og ætlunin er að reisa eitt hús sem mun hýsa 16 ker. Lóð eldisstöðvarinnar er 1,35 ha. Samkvæmt mynd 4.2 verða byggingarreitir stækkaðir í austur í átt að vegi.

Umhverfisáhrif framkvæmdar

Í tilkynningarskýrslu segir að helstu áhrifaþættir seiðaeldis á umhverfið séu vegna vatnstöku og frárennslis. Fram kemur að ekki séu fyrirhugaðar neinar breytingar á fyrirkomulagi mannvirkja eða rekstri stöðvarinnar sem hafa áhrif á jarðmyndanir, gróður, fugla, fornleifar, hljóðvist, ásýnd, landslag, heilsu, vernd eða landnotkun. Vatnstaka verður óbreytt en þeir umhverfisþættir sem helst verða fyrir áhrifum er fjöru- og sjávarlífriki viðtakans sem er strandsjór vegna frárennslis.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við skýrsluna.

Skipulag

Í tilkynningarskýrslu kemur fram að rekstraraðili hafi verið í sambandi við sveitarfélagið varðandi breytingar á skipulagi. Umhverfisstofnun bendir á að deiliskipulag svæðisins tekur til 150-1f70 tonna framleiðslu á ári.

Umhverfisstofnun bendir á að skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir skal allur atvinnurekstur sem sótt er um starfsleyfi fyrir vera í samræmi við skipulag. Stofnunin getur því aðeins gefið út starfsleyfi fyrir starfsemi sem samræmist skipulagi.

Vatnstaka

Samkvæmt því sem fram kemur í skýrslunni verða ekki gerðar neinar breytingar varðandi vatnstöku en endurnýting á vatni verður aukin. Á svæðinu eru fjórar borholur sem gefa að meðaltali 30-120 l/s auk þess sem vatnstaka er úr Gilsá sem rennur um lóðina. Vatnstakan er að meðaltali 300 l/s og verður áfram sú sama. Umhverfisstofnun bendir á að nýting grunnvatns yfir 70 l/s er háð leyfi Orkustofnunar.

Fráveita

Fram kemur að frárennsli frá stöðinni muni fara í gegnum tromlusú sem síar burt fæðuleifar og sauragnir. Frárennslið verður svo leitt þaðan um rör niður fyrir stórstraumsfjörumörk. Umhverfisstofnun bendir á að fráveitulagnir skulu uppfylla skilyrði 9. gr. reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Lagning neðansjárleiðslna er háð samþykki Umhverfisstofnunar skv. 9 gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda og reglugerð nr. 600/2018 um heimild til lagningar sæstrengja og neðansjárleiðslna.

Úrgangur

Í skýrslunni kemur fram að dauður fiskur verði fjarlægður daglega og safnað í meltutank. Meltan verður sótt af viðurkenndum aðila. Fastefni sem hreinsað er með tromlusú megi nota sem áburðarefni.

Ef nota á fastefni sem áburðarefni skal leita samþykkis Matvælastofnunar. Notkun dauðfisks/meltu er einnig háð samþykki Matvælastofnunar, sem lögbærs stjórnvalds með þeim ákvæðum reglugerðar um aukaafurðir dýra sem eiga við í þessu tilviki, sbr. 2. þátt reglugerðar (EB) nr. 1069/2009.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að finna fastefninu góðan farveg og að allur lífbrjótanlegur úrgangur verði endurnýttur eins og kostur er. Stofnunin bendir á stefnu stjórnvalda, *Í átt að hringrásarhagkerfi*, sem kom út í júní 2021 en samkvæmt henni er stefnt að því að hætta alfarið urðun lífbrjótanlegs úrgangs. Stofnunin hefur unnið leiðbeiningar til aðila í fiskeldi á landi um endurnýtingarmöguleika fastefna úr frárennsli.¹

Mælingar

Fram kemur að heildarköfnunarefni og heildarfosfór verði mælt einu sinni á ári, við hámarkslífmassa. Umhverfisstofnun bendir á að í starfsleyfi verður gerð krafa um mælingar a.m.k. tvisvar á ári, við hámarksfóðrun og þegar fóðrun er í lágmarki.

Niðurstaða

Með tilliti til umfangs og eðlis framkvæmdar, að því gefnu að starfsemin muni uppfylla þau skilyrði sem sett verða í breyttu starfsleyfi og sé byggð á bestu aðgengilegu tækni telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að hún hafi í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og sé því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

¹ [Leiðbeiningaskjal \(ust.is\)](#)

Virðingarfyllst,

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur

Sverrir Aðalsteinn Jónsson
teymisstjóri



Tálknafjörður

Tálknafjarðarhreppur - Kt. 640269-6779 - Strandgötu 38, 460 Tálknafjörður - sími: 450-2500 - talknafjordur@talknafjordur.is

Skipulagsstofnun
b/t Þórdísar Stellu Erlingsdóttur
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Tálknafjörður, 26. október 2022

Efni: **Stækkun seiðaeldisstöðvar á Gileyri.**

Á 600. fundi sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 25.10.2022 var tekið fyrir erindi frá Skipulagsstofnun dags. 12.09.2022 vegna tilkynningar Arnarlax sem stofnunin tók á móti 09.09.2022 varðandi stækkun seiðaeldisstöðvar á Gileyri skv. 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Í samræmi við 20. gr. sömu laga er óskað eftir að Tálknafjarðarhreppur gefi umsögn um ofangreinda framkvæmd. Jafnframt var lögð fram afgreiðsla Umhverfis- og bygginganefndar vegna erindisins frá 4. fundi nefndarinnar sem fór fram 19.10.2022 sem var eftirfarandi:

Umhverfis- og byggingarnefnd telur að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum. Nefndin telur að framkvæmdin sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka.

Sveitarstjórn afgreiddi málið með eftirfarandi hætti:

Sveitarstjórn staðfestir samhljóða umsögn Umhverfis- og bygginganefndar Tálknafjarðarhrepps frá 19.10.2022 varðandi stækkun seiðaeldisstöðvar á Gileyri skv. 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,




Ólafur Þór Ólafsson
sveitarstjóri Tálknafjarðarhrepps

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 REYKJAVÍK

Reykjavík, 31. október 2022
Tilvísun: OS2022090015/22.2
Verknúmer: 3051380

Efni: Matsskylda breytinga á starfsemi í seiðaeldisstöð Arnarlax að Gileyri við Tálknafjörð

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar, dags 12. september 2022, þar sem óskað er umsagnar Orkustofnunar um hvort og þá á hvaða forsendum stofnunin telji að fyrirhuguð stækkun seiðaeldisstöðvar Arnarlax á Gileyri við Tálknafjörð, í Tálknafjarðarhreppi, skuli háð umhverfismati með vísun til 20. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, nr. 111/2021 og 12. gr. reglugerðar nr. 660/2015, um mat á umhverfisáhrifum, og að teknu tilliti til 2. viðauka í framangreindum lögum. Óskað er eftir því að í umsögn sé lagt mat á hvort nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun eftir því sem við á. Einnig óskar Skipulagsstofnun eftir því að í umsögn komi fram hvaða leyfi framkvæmdin er háð og varðar starfssvið Orkustofnunar.

Samkvæmt 6. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998 (auðlindalög), er nýting auðlinda úr jörðu háð leyfi Orkustofnunar hvort sem það er til nýtingar auðlinda í eignarlöndum eða í þjóðlendum. Með auðlindum er í lögnum átt við hvers konar frumefni, efnasambönd og orku sem vinna má úr jörðu, hvort heldur í föstu, fljótandi eða loftkenndu formi og án tillits til hitastigs sem þau kunna að finnast við. Grunnvatn er skv. auðlindalögum skilgreint sem vatn neðan jarðar í samfelldu lagi, kyrrstætt eða rennandi, og fyllir að jafnaði allt samtengt holrúm í viðkomandi jarðlagi. Nýting grunnvatns, hvort sem það er ferskt eða salt, kalt eða heitt er því háð framangreindu leyfi Orkustofnunar. Tilgreind lagaákvæði afmarka stjórnsýslulega aðkomu Orkustofnunar að umræddri framkvæmd og lýtur því eftirfarandi umsögn stofnunarinnar einungis að þeim efnisþáttum fyrirspurnarinnar.

Fram kemur í gögnum málsins að fyrri starfsemi hafi hafist árið 1984 en hafi verið breytt í klakstöð árið 2014. Framleiðslugeta stöðvarinnar í dag sé um 200 tonn af hámarkslífmassa en til standi að auka framleiðslu stöðvarinnar í um 1000 tonna hámarkslífmassa á ári. Vatnsnotkun stöðvarinnar hleypur frá 100 í 500 l/s eftir stigi framleiðslu, eða rétt tæpir 300 l/s að meðaltali yfir árið. Ekki munu vera uppi áform um að auka vatnsupptöku vegna stækkunarinnar heldur verði henni mætt með aukinni endurnýtingu vatns.

Fram kemur að upptaka grunnvatns sé breytileg, frá 30 til 120 l/s en ekki er tilgreint hve mikil meðalvatnstaka er, af yfirborðsvatni annars vegar og úr grunnvatnsgeymi hins vegar (á ársgrunni). Því hefði að mati stofnunarinnar verið heppilegra að fjallað hefði verið sértækt um upptöku og nýtingu grunnvatns og vatnstöku úr Gilsá eftir mánuðum, sem og hámarksupptöku.

Ekki hefur verið gefið út nýtingarleyfi fyrir seiðaeldisstöðina á Gileyri á grundvelli auðlindalaga. Þess ber að geta að fyrir gildistöku auðlindalaganna árið 1998 var nýting grunnvatns ekki háð nýtingarleyfi. Ekki kemur fram í gögnum framkvæmdaraðila hvort vatnstaka hafi verið stöðug frá því fyrir gildistöku

laganna. Í ljósi þess að áformuð aukning framleiðslu muni ekki fela í sér aukna töku á grunnvatni, og að matsskyldufyrirspurn tengist umfangi eldis en ekki töku grunnvatns, gerir Orkustofnun ekki frekari athugasemdir við framlagða tilkynningu Arnarlax. Stofnunin tekur fram að hún tekur ekki afstöðu til þess hvort umrædd framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Orkustofnun bendir á að umsögn þessi, sem stofnunin veitir Skipulagsstofnun, er af því tagi að ekki felist í henni vanhæfi stofnunarinnar til að taka afstöðu til umsókna vegna leyfisveitinga eða annarra erinda sem hugsanlega berist stofnunarinnar á síðari stigum.

Virðingarfyllt,
f.h. orkumálastjóra



Kristján Geirsson
verkefnastjóri



Marta Rós Karlsdóttir
sviðsstjóri